

Nd.

149. Frumvarp til laga

[116. mál]

um breyting á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verzlunaratvinnu.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Síðari málsgr. 4. gr. falli niður.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Borgarfógeti í Reykjavík eða lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að verzla, lætur leyfisbréf af hendi. Leyfisbréf til verzlunar, sem gildir fyrir landið allt, gefur lögreglustjóri út á þeim stað, þar sem umsækjandi á heimilisfesti eða firma er skráð.

Lögreglustjóri annast um, að tilkynning um útgáfu leyfisbréfs verði birt í Lögbirtingablaði, þegar að útgáfu lokinni. Í tilkynningu skal greina nafn leyfshafa eða firma, heimilisfang, tegund verzlunar, hvar verzla megi samkvæmt leyfinu og hvenær það var út gefið.

Lögreglustjóri skal vísa umsókn til ákvörðunar ráðherra, ef hann telur, að stofnun nýs fyrirtækis í viðkomandi verzlunargrein sé þjóðhagslega óhagkvæm, hvort heldur almennt eða miðað við fyrirhugaðan verzlunarstað, eða starfsemi umsækjanda sé annars svo háttáð, að varhugavert sé að leyfa hana. Getur ráðherra synjað um veitingu leyfis eða sett leyfinu sérstök skilyrði, ef ástæða er til að hans dómi. Skal réttur til verzlunarleyfis samkvæmt 4. og 5. gr. vera háður þeim takmörkunum, sem hér voru greindar.

Verzlunarleyfi gildir í 5 ár, en skal endurnýjað að þeim tíma liðnum, ef leyfshafi fullnægir þá skilyrðum þessara laga.

Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum 1. tölul. 4. gr. og ákvæðum 5. gr., enda standi sérstaklega á.

3. gr.

Við 12. gr. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt heildverzlun eða umboðsverzlun leyfi til tilboðasöfnunar, sbr. 4. málsgr. 9. gr., þó að framangreindum skilyrðum sé ekki fullnægt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta miðar að því, með svipuðum hætti og frumvarp það um breyting á lögum um iðju og iðnað, sem lagt hefur verið samtímis fyrir Alþingi, að efla aðstöðu stjórnvalda til aðhalds um það, hverjir stundað geti verzlunaratvinnu hér á landi. Samkvæmt gildandi lögum nr. 41/1968 um verzlunaratvinnu er veiting leyfa til almennrar verzlunar fyrst og fremst háð þeim skilyrðum, sem talin eru í 4. og 5. gr. laganna, og veitingarvaldið að öllu leyti í höndum staðbundinna yfirvalda, sbr. 10. gr. laganna. Með frumvarpinu er lagt til, að útgáfa verzlunarleyfa verði almennt í höndum lögreglustjóra, svo sem verið hefur, en telji lögreglustjóri varhugavert að veita leyfi, eins og nánar segir í 2. gr. frv., þá skuli hann vísa umsókn til ákvörðunar ráðherra, enda metur ráðherra þá, hvort ástæður kunni að vera fyrir hendi til að synja um leyfi eða binda það skilyrðum umfram það, sem tilgreint er í lögnum. Er hér gert ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi og því, sem nú gildir um veitingu iðjuleyfa samkvæmt 7. sbr. 10. gr. laga nr. 18/1927, um iðju og iðnað. Er og gert ráð fyrir því í áður nefndu frumvarpi til breytingar á þeim lögum, að unnrædd regla haldist með litlum breytingum. Þá er og lagt til í 5. málsgr. 2. gr. frv., sem verður 5. málsgr. 10. gr. laganna, að ráðherra sé heimilt að veita undanþágu frá tilteknum skilyrðum laganna, þegar sérstaklega stendur á, sbr. og umsógn um 1. gr.